

V. T. máts.



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 28. nóvember 2011

Bréf Öryrkjabandalags Íslands til þingmanna í kjölfar ályktunar ÖBÍ þann 23. október sl. varðandi drög að frumvarpi „bandormi“ sem varðar breytingar á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð í samræmi við frumvarp til fjárlaga 2012.

ÖBÍ mótmælir því harðlega að fyrirhugað er að bætur almannatrygginga hækki ekki á árinu 2012 í samræmi við 69. gr. laga um almannatryggingar. Minnt er á að bætur almannatrygginga skulu breytast árlega og taka mið af launabróun samkvæmt þeim lögum og hækka aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Hækkun bóta almannatrygginga er ekki í samræmi við kjarasamninga.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar tengdri kjarasamningum frá 5. maí 2011 segir að stjórnvöld muni endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA. Hliðstæð hækkun til örorkulífeyrisþega og launþega á lægstu töxtum frá og með 1. febrúar nk. ætti að vera um **6,5%**.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2012 er gert ráð fyrir að hækkun bóta almannatrygginga verði í samræmi við almenna hækkun kjarasamninga eða **3,5%**, eða kr. 5.916 fyrir örorkuþega sem býr með öðrum. Sú krónutöluhækkun lægstu launa, sem kjarasamningar gera ráð fyrir, að fjárhæð 11.000 kr., er því ekki tryggð. Þá er spá um hækkun á launavísitölu almennt um 7% fyrir árið 2012. Hvað varðar þróun vísitölu neysluverðs þá hafði hún hækkað í október 2011 um 5,3% á síðustu 12 mánuðum. Af þessu má sjá að áætluð hækkun um 3,5% er mun lægri en ákvæði 69. gr. almannatrygginga segir til um.

Frá hruni bankanna hefur skerðing bóta almannatrygginga verið jöfn og þétt. Hækka þyrfti bætur um lágmark 27% næstu áramót, til að leiðrétta þær skerðingar og standa við 69. gr. laga um almannatryggingar. Sjá yfirlit í meðfylgjandi skjali.

Þá þarf að lækka skerðingarhlutföll tekjutryggingar sem hækkuð voru 1. júlí 2009 úr 38,5% í 45% og tekjutengingar sem settar voru á sama tíma á grunnlífeyri og aldurs-tengda örorkuuppbót. Þessar breytingar voru framkvæmdar með einungis 2 daga fyrirvara og leiddu til þess að ráðstöfunartekjur margra lífeyrisþega lækkuðu verulega.

Bótaflokkar sem hækka ekki og frysting frítekjumarka.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðrätt:

„Mikilvægasta verkefni velferðarþjónustunnar og leiðarljós við forgangsröðun í núverandi aðstæðum er að vernda hag og stöðu barna og fjölskyldna þeirra, sem og þeirra sem lakast standa í samfélaginu.“



Þrátt fyrir þá yfiriýsingu er gert ráð fyrir á næsta ári að frysta upphæðir eftirtaldrá bótaflokka sem tilheyra lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð:

- Mæðra- og feðralaun
- Umönnunargreiðslur
- Meðlagsgreiðslur
- Barnalífeyrir
- Barnalífeyrir vegna náms
- Dagpeningar slysabóta
- Dánarbætur vegna slysa
- Uppbætur vegna reksturs bifreiða

Um raunskerðingu er að ræða sem kemur sérlega illa við fjölskyldufólk og fólk með lágar tekjur. ÖBÍ mótmælir þessum skerðingum harðlega og bendir á að umræddar greiðslur eru ætlaðar til að mæta kostnaði sem í mörgum tilvikum tengist börnum og fjölskyldum þeirra. Verði uppbót vegna reksturs bifreiða fryst 2012 mun það bitna sérstaklega hart á hreyfihömluðu fólki en samkvæmt upplýsingum FÍB hefur rekstur bifreiða hækkað um 53%, frá janúar 2007 til apríl 2011 á meðan uppbótin hefur einungis hækkað um 9%.

Þá er gert ráð fyrir að öll frítækjumörk verði fryst 2012, líkt og verið hefur frá 1. janúar 2009, sem þýðir enn meiri lækkun á ráðstöfunartekjum fyrir fjölda manns.

Þá hafa öryrkjar þurft að taka á sig ýmsar hækkningar á kostnaði við heilbrigðisþjónustu, lyf, hjálpartæki og þjálfun af miklum þunga, vegna sinna veikinda en ljóst er að þessi kostnaður er að sliga mörg heimili. Í rannsókn sem gerð var um fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja árið 2010 kemur fram að meðal öryrkja eru fjölskyldur með börn á framfæri verst staddar fjárhagslega. Þá er almennt talið að öryrkjar þurfi að hafa 15-30% hærri tekjur til að framfleyta sér til að njóta sömu lífskjara og aðrir þar sem heilbrigðiskostnaður er hár og ýmis aðkeypt þjónusta.

Loforð standi.

Öryrkjar urðu fyrstir fyrir skerðingum þegar bankahrunið varð með loforði um að þeir fengju fyrstir leiðréttingar sinna mála þegar fjárhagsstaða ríkissjóðs batnaði. Þá var talað um 3ja ára tímabil sem nú er liðið og horfur í efnahagsmálum eru sagðar jákvæðar. Bent er á skýrslu ríkisstjórnarinnar um góðan árangur í efnahagsmálum þar sem fram kemur að tekist hefur að ná hallanum mikið niður og stefnir í að ríkissjóður skili afgangi upp á 39,6 milljarða króna á næsta ári.

Ætla stjórnvöld að standa við áðurgefin loforð?

ÖBÍ gerir þá lágmarkskröfu að kjör öryrkja verði leiðrétt hið fyrsta til samræmis við 69. gr. almannatryggingalaga, enda ber stjórnvöldum að forgangsraða í þágu þeirra sem þurfa að treysta á velferðarkerfið ef ekki verður komist hjá niðurskurði.

F.h. ÖBÍ,

Guðmundur Magnússon formaður.

Yfirlit yfir breytingar á greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Þann 1. janúar 2009 hefðu lífeyrisgreiðslur átt að hækka um 19,9% en einungis lífili hluti lífeyrisþega fékk þá hækkun, aðrir fengu 9,6%. Þann 1. júlí 2009 voru innleiddar í lög auknar skerðingar vegna tekna og lífeyrissjóðsgreiðslur tóku að skerða grunnlífeyri í fyrsta sinn í sögunni. Þann 1. janúar 2010 voru bætur frystar en hefðu átt að hækka um 10%. Enn hefðu bætur átt að hækka 1. janúar 2011 um 7% til viðbótar, en þrátt fyrir það voru þær frystar annað árið í röð, með þeirri einni undantekningu að bótaflokkurinn „sérstök framfærsluuppbot“ var hækkuð um 2,5%. Í júní 2011 hækkuðu bætur um 8,1% í samræmi við kjarasamning ASÍ og SA. Sú hækkun náði ekki að bæta upp áðurnefndar skerðingar. Með fjárlögum 2012 er ætlunin enn á ný að standa ekki við hækkun bóta samkvæmt 69. gr. laga um almannatryggingar með því að hækka bætur einungis um 3,5%. Sjá yfirlit í töflunni hér að neðan.

Dagsetning	Breyting	% hækkun eða frysting	Bætur hefðu þurft að hækka að lágmarki skv. 69.gr. ATL	Mismunurinn - hin eiginlega skerðing bóta
1.janúar 2009	Bótaflokkar ATL og FLA	9,6%	19,9%	10,3%
	Sérstök framfærsluuppbot	19,9%	19,9%	0
1.júlí 2009	Auknar tekjuskærðingar: Skærðingarhlutfall tekjutryggingar var hækkað úr 38,5% í 45%. Lífeyrissjóðstekjur fóru að skerða grunnlífeyri og bótaflokkinn „aldurstengd örorkuuppbot“			
1.janúar 2010	Bótaflokkar ATL og FLA	Frysting	10%	10%
1.janúar 2011	Bótaflokkar ATL og FLA	Frysting		
	Sérstök framfærsluuppbot	2,5%		
1.júní 2011*	Bótaflokkar ATL og FLA	8,1% (x7 mán) eða 4,73% (x12 mán).	7%	2,27%
1.janúar 2012	Bótaflokkar ATL og FLA	3,5%	8,4%**	4,9%
Samtals				27,47%

ATL: lög um almannatryggingar nr. 100/2007

FLA: lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Sérstök framfærsluuppbot tilheyrir lögum um félagslega aðstoð (FLA).

* Hækkun í samræmi við kjarasamninga ASÍ og SA.

**Hækkun launavísitölu frá desember 2010 til októberloka 2011.

Um 69. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar:

Þar segir að „Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“.

Neysluviðmið og umframkostnaður

Í töflunni hér að neðan má sjá greiðslur til örorkulífeyrisþega sem búa með öðrum. Ljóst er að þær greiðslur eru allt of lágar. Einnig má sjá samanburð á tekjum m.v. hækkun bóta um 3,5% og um 11.000 kr. (6,5%) samanborið við lágmarkstekjutryggingu ASÍ.

Tafla I. Samanburð á tekjum m.v. hækkun bóta um 3,5% og um 11.000 kr. (6,5%) samanborið við lágmarkstekjutryggingu ASÍ.

	Greiðslur frá 1.6.2011	Greiðslur m.v. 3,5% hækkun 1.1. 2012	Greiðslur m.v. 11.000 kr. hækkun 1.1.2012.	Lágmarkstekjutrygging í dagvinnu 1.2.2012
Örorkulífeyrisþegi býr með öðrum*	169.030	174.946	180.030	193.000

*Með engar aðrar tekjur en örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, brúttótölur fyrir skatta.

Í svokölluðu „skammtíamviðmiði“ í neysluviðmiðum Velferðaráðuneytisins, verðlag 2009, kemur fram að einstaklingurinn þurfi **201.132** kr. eftir skatt til reksturs heimilis. Gert er ráð fyrir að fólk geti dregið úr neyslu og frestað útgjaldaliðum tímabundið. Stór hluti örorkulífeyrisþega hefur misst heilsu til frambúðar og því er ekki um tímabundið ástand að ræða. Í neysluviðmiðunum hefur ekki verið sérstaklega reiknað út hve mikill heilbrigðiskostnaðurinn er hjá öryrkjum. Eins og gefur að skilja er hann að jafnaði tiltölulega hár þegar tekið er mið af heilbrigðiskostnaði í heild s.s. lyfjakostnað, kostnað vegna þjálfunar, komugjöld, rannsóknir, hjálpartæki, kostnað vegna heimilishjálpar og margt fleira.

Kostnaður vegna reksturs bifreiða hefur aukist mikið hin síðustu ár sem kemur sérstaklega niður á hreyfihömluðu fólki. Hér að neðan má sjá þróun uppbótar vegna reksturs bifreiðar og hversu marga bensínlítra fást fyrir hann ásamt meðalverð á bensíni frá árinu 2007 til 2011. Af þessu má sjá að raungildi uppbótarinnar hefur lækkað umtalsvert á þessu tímabili.

Tafla III. Fjöldi bensínlítra sem fást fyrir uppbót vegna reksturs bifreiðar árin 2007-2011 (tölur FÍB)

Ár – janúar	Uppbót eftir skatt (kr. á mánuði)	Meðalverð á bensín kr./lítri*	Fjöldi bensínlítra
2007	5.845	116,8	50,04
2008	6.109	139,5	43,79
2009	6.800	144	47,22
2010	6.798	200	33,99
2011 (í júní)	6.799	220	30,90
2011 (í nóv)	7.338	228	32,18

* Tölur frá FÍB.